

Það er afarmikils vert atriði f sögu hverrar stefnu, hvar og á hvaða tifma hún byrjar. Kristindómurinn byrjaði á Gyðingalandi; og, eins og gefur að skilja, er náið samband milli hans og trúarbragða Gyðingaþjóðarinnar. Hvað siðserðskenningum viðvskur er það sjerstaklega ein, sem er komin inn f kristindóminn úr Gyðingatrúnni — kenningin um rjettlæti, það má segja að hún væri aðalatriðið f allri siðfræði Gyðinga fyr á vildum. Í lögmalinu, sem upprunalega var mjög einfaldur lágabálkur, er rjettlætið höfuðdygðin, sem brýnd er syrit mörnum. Þeim, sem gjírir það sem rjett er samkvæmt boðum lögmalssins, mun vel fáinast, en hinum, sem gjöra það, sem er rangt, mun illa farnast. Miklu meiri áherzla er lögð á það, að mörnum hefnið syrir órjettlætið og að rjettlætið fái sín laun, heldur en hitt, að menn eigi að vera rjettlætitir vegna þess að það sje gott og feli í sjer síðferðislega fullkomnum. En hjá hinum meiri spá mörnum kemur sú skoðun berlega f ljós, að rjettlætið sje hin fullkomnasta dygð einstaklingsins og þjóðarinnar.

Rjettlætiskenning Gamla testamentisins kemur fram í því nýja; en í nýrri mynd. Þar er ekki boðið að heimta "auga syrir auga og tönn syrir tönn", heldur að gjöra ekki órjett. Sá sem verður syrir órjetti á að þola hann, án þess að reyna að rjetta hluta sinn. Þær hafið heyrt að boðið er: auga syrir auga og tönn syrir tönn; en eg segi ýður: rísið ekki öndverðir móti meingjörðum annara, heldur slái einhver þig á hægri kihn þsna, þá bjóð þú honum einnig hina. Vilji einhver hafa lagadeilur við þig um kyrril þinn, þá lát þú honum og yfirhöfn þsna. Neyði nokkur þig einnar mislu fylgd, þá sér með honum tvær". Menn eiga ekki að gjöra órjett og þeir eiga ekki að standa á móti órjettlætinu. Þetta var kenning Jesú. Og kristnir menn reyndu að lisa samkvæmt henni fyrst framan af. Í fyrra brjefinu til Korintumanna áminnir Páll kristna menn um að leita ekki rjettar síns frammi syrir dómstólunum; og segir að þeir skuli heldur þola órjett hver af öðrum, ef þeir geti ekki jafnað sakir sínar innan safnaðarins. En þessi skoðun á rjettlæti hvarf í rauninni alveg með tifmum, þegar kristnin útbreiddist og varð að al-